

Nd.

1287. Breytingartillögur

[493. mál]

við frv. til l. um sparisjóði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GE, PP, FrS, HBl, KJóh).

1. Við 6. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Ráðherra skal breyta lágmarksfjárhæð stofnfjár í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur a. m. k. 20% frá því að breyting var síðast gerð. Lágmarksfjárhæðin skal jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna og taka gildi við upphaf árs.
2. Við 24. gr. 3. mgr. orðist svo:
Sparisjóðsstjórn mótar stefnu sparisjóðsins í vaxtamálum og setur að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra og bankaeftirlits almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins. Þá mótar hún með sama hætti meginreglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir viðskiptaaðilum sínum.
3. Við 30. gr. Orðin „að auglýsa eða bjóðast til með öðrum hætti“ í 2. mgr. falli brott.
4. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
Sparisjóður getur starfrækt veðdeild innan sjóðsins.
5. Við 40. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Eigið fé sparisjóðs má á hverjum tíma eigi vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings sjóðsins.
6. Við 65. gr. 2. másl. 2. mgr. orðist svo: Hver sparisjóður kys á aðal- eða aukafundi tvo fulltrúa í nefndina en Tryggingarsjóður sparisjóða skipar einn.